



Mars 2022

HVATARBLADIÐ



Nemendur og starfsfólk Kerhólsskóla kvöddu Ingibjörgu fráfarandi sveitarstjóra og færðu henni blóm og góðar kveðjur fyrir gott og farsælt samstarf og óskuðu henni velfarnaðar í leik og starfi í framtíðinni.

520. fundur 02. febrúar 2022 kl. 09:00 - 11:55
Stjórnsýsluhúsinu Borg



Sveitarstjórn

- Ása Valdís Árnadóttir
- Björn Kristinn Pálmarsson
- Smári Bergmann Kolbeinsson
- Ingibjörg Harðardóttir
- Ragnheiður Eggertsdóttir í fjarveru Bjarna Þorkelssonar

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ása Valdís Árnadóttir

Oddviti leitar afbrigða.

Samþykkt samhljóða

- a) Fundargerð umræðufundar um stofnun húsnæðissjálfsseignarstofnunar sem þjóni sveitarfélögum á landsbyggð, 26. janúar 2022.
- b) Beiðni um námsvist utan lögheimilissveitarfélags.

1. Fundargerðir.

a) Fundargerð 232. fundar Skipulagsnefndar Uppsveita, 26. janúar 2022.

Mál nr. 17, 18, 19, 20, 21, 22, 23 og 29 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 232. fundargerð Skipulagsnefndar Uppsveita, dagsett 26. janúar 2022. Eftirfarandi dagskrárliðir þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

Mál nr. 17: Krókur L170822; Gufuafsvirkjun á Folaldahálsi; Skilgreining iðnaðarsvæðis; Aðalskipulagsbreyting – (2010070).

Lögð er fram tillaga aðalskipulagsbreytingar vegna gufuafsvirkjunar á Folaldahálsi í landi Króks L170822 eftir auglýsingu. Í breytingunni felst skilgreining iðnaðarsvæðis á Folaldahálsi fyrir gufuafsvirkjun. Raforkuframleiðsla er áætluð allt að 3,9 MW sem nýtt verður fyrir sumarhúsabyggð og mögulega aðra starfsemi í landi Króks. Umsagnir og athugasemdir bárust á auglýsingatíma skipulagsins. Athugasemdir og umsagnir lagðar fram ásamt samantekt á svörum og viðbrögðum. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða breytingu á aðalskipulagi eftir auglýsingu og að aðalskipulagsbreytingin taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda í samræmi við 3. mgr. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál nr. 18: Krókur L170822; Gufuafsvirkjun á Folaldahálsi; Skilgreining iðnaðarsvæðis; Deiliskipulag – (2010071).

Lögð er fram tillaga deiliskipulags vegna Gufuafsvirkjunar á Folaldahálsi í landi Króks L170822 eftir auglýsingu. Innan deiliskipulags er gert ráð fyrir þremur borholum ásamt gufuskilju, gufuháf ásamt gufulögnum og öðrum búnaði gufuafsvirkjunar auk stöðvarhúss og kæliturnna. Gert er ráð fyrir því að 11 kV jarðstrengur verði lagður um 7 km leið að bænum Króki. Raforkuframleiðsla er áætluð allt að 3,9 MW. Umsagnir bárust á auglýsingatíma deiliskipulagsins og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins ásamt samantekt á svörum.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu og að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál nr. 19: Mýrarkot land L200465; Mýrarkot Gerði; Breytt heiti lóðar – (2201029).

Lögð er fram umsókn frá Guðjóni Hermannssyni er varðar breytt heiti landsins Mýrarkots land L200465. Óskað er eftir að landið fái heitið Mýrarkot Gerði.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við breytt staðfang úr Mýrarkot land í Mýrarkot Gerði.

Mál nr. 20: Klausturhólar L168258; Bæjartorfa; Deiliskipulag – (2201053).

Lögð er fram umsókn frá Þórléifu Hoffmann Gunnarsdóttur er varðar nýtt deiliskipulag sem tekur til bæjartorfunnar að Klausturhólum L168258. Í deiliskipulaginu felst skilgreining byggingarheimilda á 7 lóðum og 8 byggingarreitum. Innan svæðisins er m.a. gert ráð fyrir uppbyggingu íbúðarhúsa, skemma og hesthúss.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða deiliskipulagið og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur liggja fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins.

Sveitarstjórn mælist til þess að staðföng innan svæðisins verði skilgreind og að tekið verði tillit til staðfanga sem þegar eru til staðar á svæðinu.

Mál nr. 21: Öndverðarnes; Réttarhólsvegur 46; Deiliskipulag – (2201042).

Lögð er fram umsókn frá Sigurði H. Sigurðssyni er varðar nýtt deiliskipulag að Réttarhólsvegi 46 innan jarðar Öndverðarness L168299. Í deiliskipulaginu felst skilgreining á 3000 fm lóð ásamt byggingarheimildum fyrir íbúðarhús og geymslu allt að 300 fm í heild sinni.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða deiliskipulagið og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur liggja fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins.

Mál nr. 22: Kiðjaberg lóð 90, L168955; Deiliskipulagsbreyting – (2201021).

Lögð er fram umsókn frá Bergþóri Jóhannssyni er varðar breytingu á deiliskipulagi frístundasvæðis að Kiðjabergi. Í breytingunni felst stækkun á byggingarreit lóðar Kiðjabergs lóð 90 L168955. Samkvæmt umsókn er fyrirhuguð bygging nýs húss á lóðinni utan núverandi byggingarreits. Halda eigi núverandi húsi eftir sem gestahúsi á lóðinni. Bent er á að byggingarreitir í nýrri deiliskipulögum eru oftast að þeirri stærð sem hér er farið fram á.

Sveitarstjórn synjar samhljóða umsókn um breytingu á deiliskipulagi og bendir á að á lóðinni er skráð 53,7 fm sumarhús og 18 fm geymsla. Samkvæmt skilmálum deiliskipulags er heimild fyrir geymsluhúsi/ gestahúsi að 40 fm auk frístundahúss innan lóðar. Fyrrgreindar fyrirætlanir eru því umfram byggingaheimildir gildandi deiliskipulags óháð legu byggingarreits.

Mál nr. 23: Kerhólar svæði A, B og C; Frístundabyggð; Endurskoðað deiliskipulag – (2201063).

Lögð er fram umsókn frá Kerhrauni, félagi sumarhúsaeigenda er varðar deiliskipulag sem tekur til Kerhóla svæðis A, B og C. Gildandi deiliskipulag fyrir Kerhraun var staðfest 17. nóvember 1999. Gerðar hafa verið nokkrar breytingar á deiliskipulaginu síðan það tók gildi. Tillagan er sett fram sem nýtt deiliskipulag og tekur til allra þeirra breytinga sem gerðar hafa verið á upprunalegu deiliskipulagi svæðisins. Með gildistöku þessa deiliskipulags falla úr gildi öll ákvæði eldra deiliskipulags. Tilgangur skipulagsgerðarinnar er að uppfæra eldra skipulag í samræmi við núgildandi lög og skilgreina helstu bygginga- og framkvæmdaskilmála innan svæðisins með skýrum hætti.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða deiliskipulagið og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur liggja fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins.

Mál nr. 29: Afgreiðslur byggingarfulltrúa – 22-157.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 19. janúar 2022. [Fundargerð UTU](#)

b) Fundargerð 32. fundar stjórnar Bergrisans, 20. september 2021. Fundargerðin lögð fram til kynningar.

[Fundargerð](#)

c) Fundargerð 33. fundar stjórnar Bergrisans, 24. nóvember 2021. Fundargerðin lögð fram til kynningar.

[Fundargerð](#)

d) Fundargerð 34. fundar stjórnar Bergrisans, 10. janúar 2022. Fundargerðin lögð fram til kynningar.

[Fundargerð](#)

e) Fundargerð 14. fundar um svæðisskipulag fyrir Suðurrhálendið, 10. desember 2021.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

[Fundargerð](#)

f) Fundargerð 308. fundar stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands, 18. janúar 2022.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

[Fundargerð](#)

g) Fundargerð 905. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, 14. janúar 2022.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

[Fundargerð](#)

2. Samþykkt um stjórn og fundarsköp Grímsnes- og Grafningshrepps.

Lögð fram til fyrri umræðu samþykkt um stjórn og fundarsköp Grímsnes- og Grafningshrepps.

Sveitarstjórn vísar samþykktinni til annarrar umræðu.

3. Stýrihópur vegna gerðar loftslagsstefnu og innleiðingu á heimsmarkmiðum.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að setja saman stýrihóp vegna gerðar loftslagsstefnu og innleiðingar á heimsmarkmiðum og mun hópurinn starfa út kjörtímabilið.

Hópurinn skipa Guðrún Ása Kristleifsdóttir heilsu- og tómstundafulltrúi og er hún jafnframt verkefnastjóri, Björn Kristinn Pálmarsson, Smári Bergmann Kolbeinsson og Guðný Helgadóttir.

4. Samfélagsstefna Grímsnes- og Grafningshrepps 2022 – 2024.

Lögð fram Samfélagsstefna Grímsnes- og Grafningshrepps 2022 – 2024.

Sveitarstjórn vísar Samfélagsstefnunni til kynningar og umræðna hjá nefndum sveitarfélagsins. Heilsu- og tómstundafulltrúa sveitarfélagsins falið að boða til fundar með nefndum og fara yfir stefnuna. Þegar nefndirnar hafa fjallað um stefnuna þá kemur hún aftur fyrir sveitarstjórn.

5. Húsnæðisáætlun Grímsnes- og Grafningshrepps 2022.

Lögð fram húsnæðisáætlun Grímsnes- og Grafningshrepps 2022.

Áætlunin var unnin á rafrænum grunni Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar. -

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi húsnæðisáætlun fyrir Grímsnes- og Grafningshrepp 2022.

[Húsnæðisáætlun](#)

6. Gjaldskrá lykla og lása að hliðum í frístundabyggðum.

Fyrir liggur ný gjaldskrá fyrir lykla og lása að hliðum í frístundabyggðum.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að hver lás sé seldur á kostnaðarverði kr. 23.000 og hver lykill kosti kr. 1.750.

7. Skýrsla KPMG vegna mats á fjárhagslegum áhrifum skv. 66. grein sveitarstjórnarlaga um miklar fjárfestingar.

KPMG var falið sem aðila ótengdum Grímsnes- og Grafningshreppi að meta áhrif viðbyggingar við Íþróttamiðstöðina á Borg á fjárhag sveitarfélagsins í samræmi við 66. gr. sveitarstjórnarlaga.

Fyrir liggur skýrsla KPMG þar sem gerð er grein fyrir kostnaðaráætlun og forsendum hennar, áhrifum á fjárhag sveitarfélagsins til lengri tíma og áhrifum af rekstrarkostnaði viðbyggingarinnar.

Í skýrslunni kemur fram að fjárfesting vegna viðbyggingar sé veruleg á tímabilinu 2022-2023 ásamt öðrum fjárfestingum á árunum 2022-2025 og eru fjármagnaðar með lántökum og eigin fé, þannig að skuldbætur og afborganir aukast. Niðurstaða KPMG er að samkvæmt áætlun mun handbætt fé frá rekstri standa undir afborgunum lána á árunum 2022-2025. Miðað við fjárhagsáætlun 2022-2025 muni sveitarfélagið standast fjárhagsleg viðmið EFS um samspil framlegðar og skuldahlutfalls ásamt viðmiði um jafnvægisreglu fyrir utan tímabilið 2020-2022. Þá er niðurstaða KPMG að fjárhagsstaða sveitarfélagsins sé sterk og gangi áætlanir þess eftir þá er útlit fyrir að sveitarfélagið geti staðið við skuldbindingar sínar. Lagt fram til kynningar.

[Skýrsla KPMG](#)

8. Bréf frá Hestamannafélagi Uppsveitanna.

Fyrir liggur tölvupóstur frá Svavari Jóni Bjarnasyni fyrir hönd starfsstjórnar Hestamannafélags Uppsveitanna, dagsettur 27. janúar 2022 þar sem óskað er eftir fundi með stjórnendum Grímsnes- og Grafningshrepps til þess að ræða áframhaldandi samstarf.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fela oddvita og varaoddvita að vinna málið áfram.

[Bréf frá Hestamannafélagi Uppsveitanna](#)

9. Erindi frá Bjarna Guðmundssyni fyrir hönd stjórnar SASS um afstöðu til þess að sveitarfélögin á Suðurlandi stofni og reki sameiginlegt umdæmisráð barnaverndar.

Fyrir liggur tölvupóstur frá Bjarna Guðmundssyni framkvæmdastjóra Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, dagsettur 18. janúar 2022 fyrir hönd stjórnar SASS þar sem stjórnin óskar eftir að hugmynd um sameiginlegt umdæmisráð barnaverndar verði tekin til umfjöllunar hjá sveitarstjórnunum og jafnframt er óskað eftir afstöðu sveitarstjórna til málsins.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að stjórn Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings (NOS) verði falið að fjalla um málið og kanna vilja sveitarfélaga til samstarfs um umdæmisráð barnaverndar.

[Bréf frá stjórn SASS](#)

10. Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga um aðgengisfulltrúa sveitarfélaga og fjárstuðning til úrbóta í aðgengismálum.

Fyrir liggur tölvupóstur frá Karli Björnssyni framkvæmdastjóra Sambands íslenskra sveitarfélaga, dagsettur 19. janúar 2022 þar sem minnt er á að þann 7. maí 2021 var undirrituð samstarfsyfirlýsing sambandsins, samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis, félags- og barnamálaráðuneytis og Öryrkjabandalags Íslands, um átak sem felur í sér hvatningu til sveitarfélaga um að vinna markvisst að úrbótum í aðgengismálum í samræmi við stefnu og framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að Ragnar Guðmundsson verði aðgengisfulltrúi sveitarfélagsins.

[Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga](#)

11. Beiðni um styrk til Styrktarfélags Klúbbsins Stróks.

Fyrir liggur bréf frá Fjólu Einarsdóttur forstöðumanni Styrktarfélagsins klúbbsins Stróks, dagsett 20. janúar 2022 þar sem óskað er eftir styrk vegna starfsemi klúbbsins.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að styrkja félagið um 50.000.- krónur.

[Styrktarbeiðni](#)

12. Bréf frá umboðsmanni barna um mat á áhrifum ákvarðana sveitarfélaga á börn.

Fyrir liggur bréf frá Salvöru Nordal umboðsmanni barna, dagsett 28. janúar 2022 þar sem hún hvetur sveitarfélög til þess að virða rétt barna til þátttöku og áhrifa og til að innleiða að fullu ákvæði Barnasáttmálans í allri framkvæmd og ákvarðanatöku á vettvangi þeirra. Bréfið lagt fram til kynningar.

[Bréf frá umboðsmanni barna](#)

13. Bréf frá Sigurði Á. Snævarr um frestun gildistöku reglugerðar nr. 230/2021 um eitt ár.

Fyrir liggur tölvupóstur frá Sigurði Á. Snævarr, dagsettur 25. janúar 2022 um frestun gildistöku reglugerðar nr. 230/2021 um eitt ár.

Lagt fram til kynningar.

14. Eigendaskipti að hlutum í Límtré Vírnet.

Fyrir liggur bréf frá stjórn Límtré-Vírnets ehf. dagsett 20. janúar 2022 þar sem tilkynnt er að Bingo ehf hafi ákveðið að selja alla hluti sína í Límtré Vírnet ehf. Um er að ræða alls 48.125.000 hluti að nafnvirði 1 kr. hver hlutur, sem jafngilda 35,30% af heildarhlutafé félagsins. Samkvæmt samþykktum félagsins hafa aðrir hluthafar félagsins forkaupsrétt að hlutunum í réttu hlutfalli við hlutafjáreign.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að falla frá forkaupsrétti sveitarfélagsins á hlutunum.

[Bréf frá stjórn Límtré-Vírnets ehf](#)

15. Stöðuskýrsla nr. 18 frá uppbyggingarteymi félags- og atvinnumála vegna Covid-19.

Fyrir liggur tölvupóstur frá Maríu Ingibjörgu Kristjánsdóttur hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, dags. 21. janúar 2022, þar sem kynnt er 18. stöðuskýrsla teymis um uppbyggingu félags- og atvinnumála í kjölfar COVID-19.

Skýrslan lögð fram til kynningar.

[Stöðuskýrsla](#)

16. Beiðni Allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis um umsögn á frumvarpi til laga um almannavarnir (almannavarnastig o.fl.), 181. mál.

Fyrir liggur beiðni Allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis um umsögn á frumvarpi til laga um almannavarnir (almannavarnastig o.fl.), 181. mál.

Frumvarpið lagt fram til kynningar.

[Til umsagnar](#)

17. Beiðni Allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis um umsögn á tillögu til þingsályktunar um upplýsingamiðlun um heimilisofbeldismál, 20. mál.

Fyrir liggur beiðni Allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis um umsögn á tillögu til þingsályktunar um upplýsingamiðlun um heimilisofbeldismál, 20. mál.

Þingsályktunartillagan lögð fram til kynningar.

[Til umsagnar](#)

18. Beiðni Efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis um umsögn á tillögu til þingsályktunar um úttekt á tryggingavernd í kjölfar náttúruhamfara, 12. mál.

Fyrir liggur beiðni Allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis um umsögn tillögu til þingsályktunar um úttekt á tryggingavernd í kjölfar náttúruhamfara, 12. mál.

Þingsályktunartillagan lögð fram til kynningar.

[Til umsagnar](#)

19. Umhverfis- og auðlindaráðuneytið kynnir til samráðs mál nr. 15/2022, „Drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um loftslagsmál nr. 70/2012 (leiðrétting o.fl.).“

Fyrir liggur að Umhverfis- og auðlindaráðuneytið kynnir til samráðs mál nr. 15/2022, „Drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um loftslagsmál nr. 70/2012 (leiðrétting o.fl.).“

Lagt fram til kynningar.

20. Dómsmálaráðuneytið kynnir til samráðs mál nr. 20/2022, „Útlendingalög“.

Fyrir liggur að Dómsmálaráðuneytið kynnir til samráðs mál nr. 20/2022, „Útlendingalög“.

Lagt fram til kynningar.

21. Umhverfis- og auðlindaráðuneytið kynnir til samráðs mál nr. 21/2022, „Frumvarp um breytingu á lögum nr. 78/2002 um niðurgreiðslu húshitunarkostnaðar“.

Fyrir liggur að Umhverfis- og auðlindaráðuneytið kynnir til samráðs mál nr. 21/2022, „Frumvarp um breytingu á lögum nr. 78/2002 um niðurgreiðslu húshitunarkostnaðar“.

Lagt fram til kynningar.

[Frumvarp](#)

22. Önnur mál.

a) Fundargerð umræðufundar um stofnun húsnæðissjálfsseignarstofnunar sem þjóni sveitarfélögum á landsbyggðinni, 26. janúar 2022.

Lögð fram fundargerð umræðufundar um stofnun húsnæðissjálfsseignarstofnunar sem þjóni sveitarfélögum á

landsbyggðinni dagsett 26. janúar 2022. Í samræmi við niðurstöðu fundarins stefna HMS og sambandið að því að boða til stofnfundar húsnæðissjálfsseignarstofnunar (HSES) sem starfi í framangreindum tilgangi. Ráðgert er að fundurinn verði þriðjudaginn 15. febrúar kl. 13 og að fundurinn verði fjárfundur.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að Smári Bergmann Kolbeinsson verði fulltrúi sveitarfélagsins á fundinum.

b) Beiðni um námsvist utan lögheimilissveitarfélags.

Fyrir liggur beiðni frá Reykjavíkurborg um námsvist utan lögheimilissveitarfélags vegna tveggja nemenda, annars vegar í leikskóladeild og hins vegar í grunnskóladeild fyrir tímabilið 1. febrúar til loka skólaársins 2021-2022

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða námsvistina.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl: 11:55

Sveitarstjórnarkosningar 2022

Framundan eru sveitarstjórnarkosningar og viljum við hér með segja frá því að E-listinn er að undirbúa framboð og munu koma nánari upplýsingar um það á næstu vikum.

Kveðja E-listinn



**Styrktarreikningur
sveitarinnar er:
0586-26-456
kt. 490487-1319**

521. fundur 16. febrúar 2022 kl. 09:00 - 10:40 Stjórnsýsluhúsinu Borg



Sveitarstjórn

- Ása Valdís Árnadóttir
- Björn Kristinn Pálmarsson
- Smári Bergmann Kolbeinsson
- Ingibjörg Harðardóttir
- Ragnheiður Eggertsdóttir í fjarveru Bjarna Þorkelssonar

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ása Valdís Árnadóttir

1. Fundargerðir.

a) Fundargerð 233. fundar Skipulagsnefndar Uppsveita, 9. febrúar 2022. Mál nr. 17, 18, 19, 20, 21, 22 og 29 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar. Lögð fram 233. fundargerð Skipulagsnefndar Uppsveita, dagsett 9. febrúar 2022. Eftirfarandi dagskrárliðir þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

Mál nr. 17: Þröstalundur lóð 1 L201043; Fyrirspurn – 2202009. Lögð er fram fyrirspurn frá Ásgeiri Ásgeirssyni er varðar Þröstalundur lóð 1 L201043. Í fyrirspurninni felst ósk um breytingu á deiliskipulagi og hugsanlega aðalskipulagi með það að markmiði að stunda gistirekstur innan lóðarinnar. Í hugmyndum fyrirspyrjanda felst að sett verði upp kúlutjöld innan svæðisins. Rekstur þeirra og núverandi veitingasala muni tengjast með beinum hætti. Að mati sveitarstjórnar gæti starfsemi sem um ræðir hentað ágætlega á svæðinu í tengslum við núverandi starfsemi Þröstalundar. Sveitarstjórn bendir á að starfsemin sé háð breytingu á aðalskipulagi þar sem ekki er gert ráð fyrir gistingu innan skilgreinds verslunar- og þjónustusvæðis V5 sem tekur til Þröstalundar heldur eingöngu veitingaþjónustu. Samhliða þyrfti að vinna breytingu á deiliskipulagi svæðisins eða gera nýja skipulagsáætlun sem tæki á svæðinu í heild. Sveitarstjórn leggur áherslu á að frjáls för almennings um árbakka haldist óbreytt og að gisting standist allar kröfur byggingarreglugerðar er varðar slíka þjónustu.

Mál nr. 18: Vatnsbrekka 1 L199296; Skipting lóðar; Deiliskipulag – 2201076. Lögð er fram umsókn frá Gunnari Jónassyni er varðar nýtt deiliskipulag sem tekur til Vatnsbrekku 1 L199296. Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir að landinu verði skipt upp í fjórar jafnstórar lóðir sem verða um 21.750 fm hver. Ein lóðanna er þegar byggð og á henni er

sumarbústaður (93,3 fm) byggður 2007 og geymsla (12,4 fm) byggð 2007. Heimilt er að reisa geymslu, svefnhús eða gróðurhús innan byggingarreits, þó ekki stærri en 40 fm. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða deiliskipulagið og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur liggja fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins.

Mál nr. 19: Bíldsfell 1 L170812; Deiliskipulag – 2202010. Lögð er fram beiðni frá Kistufossi ehf. er varðar heimild til deiliskipulagsgerðar á jarðarhlut Bíldsfells 1 L170812 í Grímsnes- og Grafningshreppi. Deiliskipulagið tæki til um 70 ha svæðis sem er skilgreint sem frístundasvæði innan gildandi aðalskipulags sveitarfélagsins. Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps gerir ekki athugasemd við að unnin verði deiliskipulagstillaga sem tekur til svæðisins. Sveitarstjórn telur ekki þörf á gerð lýsingar fyrir verkefnið þar sem allar meginforsendur liggja fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins. Ása Valdís Árnadóttir vék sæti við afgreiðslu málsins.

Mál nr. 20: Mýrarkot; Akurgerði 3-5 L169232; Skipting lóðar; Deiliskipulagsbreyting – 2202011. Lögð er fram umsókn frá Árbæ ehf er varðar breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar að Mýrarkoti. Deiliskipulagsbreytingin tekur til skiptingar lóðar Akurgerðis 3-5 L169232. Umsókn um skiptingu lóðarinnar var samþykkt í sveitarstjórn þann 19. janúar sl. með fyrirvara um breytingu á deiliskipulagi svæðisins. Sveitarstjórn samþykkir viðkomandi breytingar á deiliskipulagi svæðisins og að málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi.

Mál nr. 21: Hallkelshólar lóð (L168483); umsókn um byggingarheimild; sumarbústaður - viðbygging – 2202003. Fyrir liggur umsókn Jóns H. Hlöðverssonar fyrir hönd Láru D. Daníelsdóttur, móttekin 31.01.2022, um byggingarheimild til að byggja 39,3 m2 viðbyggingu við sumarbústað á sumarbústaðalandinu Hallkellshólar lóð L168483 í Grímsnes- og Grafningshreppi. Heildarstærð á sumarbústað eftir stækkun verður 98 m2. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að málið fái málsmeðferð á grundvelli 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar. Berist engar athugasemdir vegna grenndarkynningar skal málinu vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa.

Mál nr. 22: Álfhóll L210521; 25 hektarar; Deiliskipulag – 2111047. Lögð er fram að nýju deiliskipulagstillaga sem tekur til 25 ha lands Álfhóls L210521 eftir kynningu. Innan deiliskipulagsins eru m.a. skilgreindir tveir byggingarreitir ásamt byggingarheimildum fyrir íbúðarhús, tvö minni hús allt að 60 m2, fjölnotahús tengt atvinnurekstri allt að 600 m2 auk skemmu/skýlis í tengslum við skógrækt. Sveitarstjórn samþykkir fyrirbyggjandi deiliskipulag eftir kynningu og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur liggja fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins.

Mál nr. 29: Afgreiðslur byggingarfulltrúa – 22-158. Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 2. febrúar 2022. [Fundargerð](#)

b) Fundargerð 92. fundar stjórnar byggðasamlags UTU, 26. janúar 2022. Mál nr. 1 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar. Lögð fram 92. fundargerð sjónar byggðasamlags UTU, dagsett 26. janúar 2022. Eftirfarandi dagskrárliðir þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

Mál nr. 1: Breytingar á gjaldskrá byggingarfulltrúa Lagðar fram breytingar á gjaldskrá byggingarfulltrúa vegna breytinga sem gerðar voru á byggingarreglugerð í lok ársins 2021. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða nýja gjaldskrá vegna útgáfu byggingarheimilda, byggingarleyfa og þjónustu byggingarfulltrúa. [Fundargerð](#)

c) Fundargerð 578. fundar stjórnar SASS, 4. febrúar 2022. Fundargerðin lögð fram til kynningar. [Fundargerð](#)

d) Fundargerð 48. fundar stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga, 14. janúar 2022. Fundargerðin lögð fram til kynningar. [Fundargerð](#)

e) Fundargerð 906. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, 4. febrúar 2022. Fundargerðin lögð fram til kynningar. [Fundargerð](#)

2. Starfsmannamál.

Fyrir liggur að sveitarstjóri sveitarfélagsins Ingibjörg Harðardóttir óskaði eftir því í október 2021 að fá að taka út uppsafnað orlof frá miðjum febrúar og út ráðningarsamninginn sem er í lok kjörtímabilsins. Nú er kominn miður febrúar og þetta því síðasti sveitarstjórnarfundur Ingibjargar sem sveitarstjóri, vill sveitarstjórn því nýta tækifærið og þakka henni kærlega fyrir vel unnin störf í þágu sveitarfélagsins síðustu 12 ár. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að við þessa breytingu muni Ása Valdís Árnadóttir oddviti gegna stöðu sveitarstjóra þar til annað verður ákveðið, þar sem oddviti er staðgengill sveitarstjóra samkvæmt samþykktum sveitarfélagsins.

3. Deiliskipulag íbúðarbyggðar í þéttbýlinu Borg.

Lögð er fram að nýju heildarendurskoðun deiliskipulags sem tekur til þéttbýlisins að Borg eftir athugasemdir Skipulagsstofnunar. Sveitarstjórn telur að brugðist hafi verið við athugasemdum Skipulagsstofnunar með fullnægjandi hætti innan framlagðra gagna og samþykkir samhljóða að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

4. Aðalskipulag Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032.

Lögð er fram að nýju tillaga heildarendurskoðunar aðalskipulags Grímsnes- og Grafningshrepps ásamt umsögn Skipulagsstofnunar sem tekur til samþykktar á málinu fyrir auglýsingu. Í umsögn

Skipulagsstofnunar kemur fram að ekki séu gerðar athugasemdir við að aðalskipulagið verði auglýst með fyrirvara um að brugðist verði við athugasemdum sem fram koma innan umsagnar.

Sveitarstjórn telur að brugðist hafi verið við athugasemdum Skipulagsstofnunar með fullnægjandi hætti innan framlagðar gagna og samþykkir samhljóða að tillagan verði auglýst skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

5. Úthlutun úr Landbótasjóði 2022.

Lagt fram til kynningar bréf frá Landgræðslunni, dagsett 8. febrúar 2022 þar sem Grímsnes- og Grafningshreppi hefur verið úthlutað styrk að fjárhæð kr. 444.000.- úr Landbótasjóði Landgræðslunnar.

[Bréf frá Landgræðslunni um úthlutun úr Landbótasjóði](#)

6. Þátttaka í könnun um fyrirmyndar sveitarfélag.

Fyrir liggur bréf frá FOSS stéttarfélagi í almannabjónustu þar sem sveitarfélaginu er boðið að taka þátt í könnun um fyrirmyndar sveitarfélag. Tilgangurinn með könnuninni „Fyrirmyndar sveitarfélag“ er að hvetja stjórnendur sveitarfélaganna til að veita starfsumhverfinu aukna athygli. Mikil reynsla er af þessari könnun, sem er ítarleg, og gefur stjórnendum kleift að bregðast við áskorunum með skipulögðum hætti. Einnig er ætlunin að skapa almenna umræðu á vinnustöðum okkar félagsmanna um áhrif starfsumhverfis og stjórnunar á starfsfólk, þjónustupega og samfélag. Ekki síst er tilgangurinn að veita góðum vinnustöðum viðurkenningu fyrir að hlúa vel að okkar félagsfólki. Kostnaður við verkefnið er 182.000.- án vsk. + 390.- án vsk. á hvern starfsmann sem er ekki í FOSS.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að taka þátt í könnuninni.

[Bréf frá FOSS](#)

Fundarhlé: gert var fundarhlé kl. 10:00 þar sem sveitarstjórn fór á fund með þingmönnum Suðurkjördæmis.

Fundur hófst aftur kl. 10:15.

7. Minnisblað um umdæmisráð barnaverndar.

Lagt fram til kynningar minnisblað frá Sambandi Íslenskra sveitarfélaga dagsett 1. febrúar 2022 um hlutverk og skipan umdæmisráðs barnaverndar.

[Minnisblað](#)

8. Bréf frá Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu þar sem óskað er eftir umsögn sveitarfélagsins um stjórnsýslukæru vegna fasteignagjalda.

Fyrir liggur tölvupóstur frá Ragnhildi Jóhönnu Júlíusdóttur f.h. Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, dags. 1. febrúar 2022 þar sem tilkynnt er um stjórnsýslukæru. Einnig er óskað eftir gögnum og sveitarfélaginu gefinn kostur á að tjá sig um kröfuna.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fela lögmanni sveitarfélagsins, Óskari Sigurðssyni hrl. að gæta hagsmuna sveitarfélagsins.

9. Bréf frá kjörnefnd Lánasjóðs sveitarfélaga ohf.

Lagt fram til kynningar bréf frá Óttari Guðjónssyni f.h. kjörnefndar Lánasjóðs sveitarfélaga, dags. 11. febrúar 2022 þar sem auglýst er eftir framboðum til stjórnar Lánasjóðsins.

[Bréf frá kjörnefnd Lánasjóðs sveitarfélaga](#)

10. Auglýsing um ákvörðun innviðaráðherra til að tryggja starfhæfi sveitarstjórna og auðvelda ákvarðanatöku við stjórn sveitarfélaga 142/2022.

Fyrir liggur auglýsing um ákvörðun innviðaráðherra til að tryggja starfhæfi sveitarstjórna og auðvelda ákvarðanatöku við stjórn sveitarfélaga 142/2022.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að virkja þá heimild að sveitarstjórnarmönnum og nefndarmönnum, bæði aðal- og varamönnum sé heimilt að taka þátt í fundum á vegum sveitarfélagsins í gegnum fjarfundarbúnað. Fundargerðir verða undirritaðar síðar. Heimildin gildir í samræmi við ákvörðun ráðherra.

11. Beiðni Allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis um umsögn á tillögu til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, 332. mál.

Fyrir liggur beiðni Allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis um umsögn á tillögu til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, 332. mál.

Þingsályktunartillagan lögð fram til kynningar.

12. Beiðni Atvinnuvegarnefndar Alþingis um umsögn á tillögu til þingsályktunar um endurskoðun á laga- og reglugerðumhverfi sjókvíaeldi, 93. mál.

Fyrir liggur beiðni Atvinnuvegarnefndar Alþingis um umsögn á tillögu til þingsályktunar um endurskoðun á laga- og reglugerðumhverfi sjókvíaeldi, 93. mál.

Þingsályktunartillagan lögð fram til kynningar.

13. Beiðni Velferðarnefnd Alþingis um umsögn á frumvarp til laga um breytingu á lögum um málefni innflytjenda, nr. 116/2012 (móttaka einstaklinga með vernd, innflytjendaráð), 271. mál.

Fyrir liggur beiðni frá Velferðarnefnd Alþingis um umsögn á frumvarpi til laga um breytingu á lögum um málefni innflytjenda, nr. 116/2012 (móttaka einstaklinga með vernd, innflytjendaráð), 271. mál.

Frumvarpið lagt fram til kynningar.

14. Umhverfis- og auðlindaráðuneytið kynnir til samráðs mál nr. 31/2022, „Áform um breytingu á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun nr. 48/2011 - bætt nýting virkjana“.

Fyrir liggur að Umhverfis- og auðlindaráðuneytið kynnir til samráðs mál nr. 31/2022, „Áform um breytingu á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun nr. 48/2011 - bætt nýting virkjana“.

Lagt fram til kynningar.

15. Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið kynnir til samráðs mál nr. 32/2022, „Drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 6/2001 (Mannvirkjaskrá)“.

Fyrir liggur að Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið kynnir samráðs mál nr. 32/2022, „Drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 6/2001 (Mannvirkjaskrá)“.

Lagt fram til kynningar.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl: 10:40.

Sveitarfélagið auglýsir til leigu fjallaskála í Kringlumýri, hesthús og aðra aðstöðu sem fylgir skálanum.

Gerður verður samningur til 5 ára sem verður uppsegjanlegur með eins árs fyrirvara.

Gerð er krafa um að leigutaki sinni almennu viðhaldi og skuldbindi sig til að bjóða upp á leigu á skálanum til annarra aðila ef áhugi er fyrir hendi. Leigutekjur vegna útleigu renna til leigutaka.

Leigusali hefur ókeypis aðgang að hinu leigða m.a. fyrir fjallmenn sveitarfélagsins þegar þeir þurfa vegna smölunar á afrétti sveitarfélagsins.

Tilboðsaðili skal vera í skilum með opinber gjöld og lífeyrisciðgjöld.

Ef jafnhá tilboð berast verður dregið úr tilboðum.

Skila þarf inn tilboði fyrir allan leigutímann í lokuðu umslagi á skrifstofu sveitarfélagsins fyrir klukkan 12:00 föstudaginn 11. mars 2022.

Tilboðin verða opnuð klukkan 12:00 sama dag í Stjórnsýsluhúsinu Borg.

Kæru íbúar,

Skipulagsmál hafa verið mjög ofarlega í huga hjá sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps undanfarin misseri enda verið að vinna að endurskoðun aðalskipulags sveitarfélagsins. Við erum loksins farin að sjá fyrir endann á vinnunni og er tillaga að aðalskipulagi nú í auglýsingu. Finna má nánari upplýsingar um tillöguna bæði hér í Hvatarblaðinu og á heimasíðu sveitarfélagsins www.gogg.is. Jafnframt var farið í heildarendurskoðun á deiliskipulagi þéttbýlisins Borgar og er stefnt að því að auglýsa til úthlutunar lausar lóðir á næstu vikum.

Vegna óhagstæðs veðurfars hefur verið mikið um snjó og snjófok í sveitarfélaginu. Markmið Grímsnes- og Grafningshrepps varðandi snjómokstur og hálkuvarnir eru að tryggja öryggi og færð fyrir skólaakstur þannig að börn komist í skólann á réttum tíma, að lágmarka óþægindi íbúa og fyrirtækja af völdum snjós og ís og að auðvelda íbúum að sækja vinnu og skóla.

Að mokstri og hálkuvörnum loknum skulu vegir vera vel ökuf ærir yrir vetrarbúnar bifreiðar og áferð yfirborðsins þannig að vegfarendum stafi ekki hætta af.

Vil ég nýta tækifærið og minna á að mikilvægt er að þeim sem annast snjómokstur sé sýnd tillitssemi við störf sín. Þeir leggja á sig mikla vinnu, oft við erfiðar aðstæður, við að halda akstursleiðum í sveitarfélaginu greiðfærum. Vegalengdir í sveitarfélaginu eru miklar og aðstæðurnar fjölbreyttar eftir því og er þolinmæði íbúa mjög mikilvæg.

Ég vil gjarnan minna fólk á að til viðbótar við þau góðu félagasamtök sem eru í gangi í sveitarfélaginu eru nokkrar nefndir að störfum á vegum sveitarfélagsins sem fólk getur setið í og þar með tekið þátt í að gera gott samfélag að betra samfélagi. Hægt er að sjá nánari upplýsingar um hverja nefnd á heimasíðu sveitarfélagsins og um að gera að kynna sér þær fyrir kosningarnar.

Nú þegar öllum takmörkunum hefur verið aflétt vil ég hvetja ykkur kæru sveitungar til að taka virkan þátt í samfélaginu og því sem þar er um að vera því án þátttöku og virkni verður lítið um viðburði og annað félagsstarf.

Ása Valdís Árnadóttir, oddviti

MANNDÝR - LIST FYRIR ALLA

Við í Kerhólsskóla fengum frábært boð um að fá sýninguna Manndýr til okkar fyrir árganga 2016 og 2017 í leikskóladeild og 1.-2. bekk. Sýningin fór fram uppi á sviði í Félagsheimilinu. Sýningin Manndýr, sem er á vegum List fyrir alla, er þáttökusýning um hlutverk mannsins út frá sjónarhorni barna. Manndýr er á mörkum þess að vera leikverk, innsetning og listasmíðja. Í sýningunni er gestum boðið inn í heim þar sem hægt er að upplifa með eyrum, augum og höndum, sjálf eða í samvinnu.

Sviðshöfundur, listrænn stjórnandi og flytjandi er Aude Busson. Börnin virtust hafa mjög gaman af og voru virkir þátttakendur. Við þökkum Aude og List fyrir alla kærlega fyrir okkur.



Af heimasíðu Kerhólsskóla

Grímsnes- og Grafningshreppur óskar eftir að ráða umsjónaraðila í hlutastarf fyrir Gámastöðina Seyðishólum.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst og sé tilbúinn að takast á við fjölbreytt og krefjandi starf. Starfshlutfallið er 50% og fer vinnan fram bæði á virkum dögum og um helgar.

Umsjónaraðili sér um opnun gámastöðvarinnar samkvæmt auglýstum opnunartíma. Umsjónaraðili gámastöðvar hefur umsjón með faglegri starfsemi er fellur undir starfssvið gámastöðvarinnar, sér um að farið sé eftir þeim reglugerðum sem gilda um meðferð og flokkun á þeim efnum sem berast og fylgir eftir að viðhaldi á svæðinu sé sinnt.

Umsjónaraðili sinnir umhirðu og verkstjórn með losun á gámasvæði og leiðbeinir íbúum við flokkun úrgangs og spilliefna ásamt því að vera í samskiptum við þjónustuaðila um losun á gámum.

Menntunar og hæfniskröfur:

Reynsla af sambærilegum störfum er kostur.
Skipulagsfærni, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.
Þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum.
Almenn tölvukunnátta.

Starfið hæfir jafnt konum sem körlum.

Umsóknarfrestur er til og með 11. mars 2022.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga við hlutaðeigandi stéttarfélag.

Frekari fyrirspurnir og umsóknir sendist á oddviti@gogg.is.

Umsókn skal fylgja starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Öllum umsóknum verður svarað.



Frá GOÐA

Aðalfundur

Hrossaræktardeildar GOÐA
verður haldinn í kaffistofunni í Miðengi
fimmtudaginn 7. apríl kl. 20.00

Dagskrá:

1. Venjuleg aðalfundarstörf
2. Kosning stjórnar
3. Framtíð félagsins

Stjórnin

Sauðfjárræktarfélagið Barmur


Aðalfundir áráanna 2019, 2020 og 2021 verða haldnir í
Félagsheimilinu Borg

Þriðjudaginn 22. mars kl. 19:30

Venjuleg aðalfundarstörf.

Minum á að félagsgjöldin verða innheimt á fundinum.

Stjórnin



Aðalfundur Kvenfélags Grimsneshrepps 2022

fimmtudag 17. mars kl. 18:00
í Félagsheimilinu Borg

Dagskrá:

- 18:00 Fundarsetning – kosning fundarstjóra
- 18:05 Skýrsla stjórnar – formaður
- 18:15 Fundargerð síðasta aðalfundar – ritari
- 18:20 Reikningar félagsins – gjaldkeri
- 18:30 Skýrslur nefnda – formenn nefnda hvattir til að gefa stutta skýrslu
- Sumarbústaðarnefnd
- Húsnefnd
- 18:40 Kosningar
- Ritari
- 3 í varastjórn
- Fulltrúi og varafulltrúi á ársfund SSK 30. apríl á Selfossi
- Sumarbústaðarnefnd
- Laganefn
- 19:00 Veitingar, spjall og happdrætti
- 19:25 Inntaka nýrra félaga
- 19:30 Erindi vegna sumarhúsaloðar
- 19:50 Viðburðadagatal og félagsstarfið
- 20:00 Önnur mál

Vinsamlegast hafið samband við
kjörnefnd vegna framboða.
Í kjörnefnd eru: Díana Símonardóttir,
Guðrún Bergman og Sigríður
Björnsdóttir.

**Minum á 2000 kr. í kaffisjóð.
Allar konur velkomnar.**





**Tökum að
okkur STÓR og
smá verk:**

**jarðvinnu - tætingu -
snjómokstur -
bílaflutninga,
jarðheflun &
fólksflutninga.**

Feðgaverk

Jóhannes og Guðmundur

Gsm: 848 - 1123 & 868 - 4115

Email: verktaki89@gmail.com



Opnunartími:

Mánudaga:	09:30-17:30
Þriðjudaga:	09:30-17:30
Miðvikudaga:	09:30-17:30
Fimmtudaga:	09:30-17:30
Föstudaga:	09:30-17:30
Laugardaga:	11:00 -17:30
Sunnudaga:	12:00 -16:00

Tilboð eru auglýst á facebooksíðu
verslunarinnar

www.facebook.com/VersluninMinniBorg

Sími: 551-7509


Hlökkum til að sjá ykkur kæru viðskiptavinir.

Grenndarstöðvar í Grímsnes- og Grafningshreppi

Teknar hafa verið í notkun tvær nýjar grenndarstöðvar í sveitarfélaginu, við Kringlu á Sólheimavegi og fyrir ofan Nesjavelli, rétt við gatnamót Nesjavallavegar og Efri-Grafningsvegar. Á öllum grenndarstöðvum má losa sig við flokkaðan heimilisúrgang allan sólarhringinn.

Í haust voru teknar upp nýjar litamerkingar á grenndarstöðvunum sem taka mið af samræmdum flokkunarmerkingum Fenúr, en þær koma til með að verða notaðar á landsvísi. Helsta breytingin er á gámunum undir plast, en þeir eru nú orðnir fjólubláir.

Að gefnu tilefni er áréttað að grenndarstöðvarnar eru eingöngu hugsaðar fyrir móttöku heimilissorps, en allan úrgang sem ekki kemst í gámana skal fara með á Gámastöðina Seyðishólum á opnunartíma.





GRÍMSNES- OG
GRAFNINGSHREPPUR

Sorphirðudagatal 2022

Grímsnes- og Grafningshreppur

janúar							febrúar							mars						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau	sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau	sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
						1			1	2	3	4	5			1	2	3	4	5
2	3	4	5	6	7	8	6	7	8	9	10	11	12	6	7	8	9	10	11	12
9	10	11	12	13	14	15	13	14	15	16	17	18	19	13	14	15	16	17	18	19
16	17	18	19	20	21	22	20	21	22	23	24	25	26	20	21	22	23	24	25	26
23	24	25	26	27	28	29	27	28						27	28	29	30	31		
30	31																			
apríl							maí							júní						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau	sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau	sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
					1	2	1	2	3	4	5	6	7			1	2	3	4	
3	4	5	6	7	8	9	8	9	10	11	12	13	14	5	6	7	8	9	10	11
10	11	12	13	14	15	16	15	16	17	18	19	20	21	12	13	14	15	16	17	18
17	18	19	20	21	22	23	22	23	24	25	26	27	28	19	20	21	22	23	24	25
24	25	26	27	28	29	30	29	30	31					26	27	28	29	30		
júlí							ágúst							september						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau	sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau	sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
					1	2		1	2	3	4	5	6				1	2	3	
3	4	5	6	7	8	9	7	8	9	10	11	12	13	4	5	6	7	8	9	10
10	11	12	13	14	15	16	14	15	16	17	18	19	20	11	12	13	14	15	16	17
17	18	19	20	21	22	23	21	22	23	24	25	26	27	18	19	20	21	22	23	24
24	25	26	27	28	29	30	28	29	30	31				25	26	27	28	29	30	
31																				
október							nóvember							desember						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau	sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau	sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
						1				1	2	3	4					1	2	3
2	3	4	5	6	7	8	6	7	8	9	10	11	12	4	5	6	7	8	9	10
9	10	11	12	13	14	15	13	14	15	16	17	18	19	11	12	13	14	15	16	17
16	17	18	19	20	21	22	20	21	22	23	24	25	26	18	19	20	21	22	23	24
23	24	25	26	27	28	29	27	28	29	30				25	26	27	28	29	30	31
30	31																			

Tunnur fyrir almennt sorp og lifrænan úrgang
Tunnur fyrir pappír og plást
Heyrúlluplast

Auglýsing um tillögu að nýju aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 16. febrúar 2022 að auglýsa tillögu að nýju aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032. Innan aðalskipulags er lögð fram stefna sveitarstjórnar um landnotkun, byggðapróun, byggðamynstur, samgöngu- og þjónustukerfi og umhverfismál í sveitarfélaginu á skipulagstímanum. Við gildistöku nýs aðalskipulags mun gildandi aðalskipulag ásamt síðari breytingum falla úr gildi.

Með nýrri aðalskipulagsáætlun er lögð fram skipulagsgreinargerð, sveitarfélagsuppdráttur, uppdráttur sem tekur til afréttar ásamt þéttbýlisuppdráttum sem taka til þéttbýlisins að Borg og Sólheima.

Að auki er lögð fram forsendu og umhverfisskýrsla, flokkun á landbúnaðarlandi, skilgreining landbúnaðarsvæða L1-L3 auk uppdrátta sem taka til verndarsvæða, vega í náttúru Íslands, vistgerða og minja samkvæmt aðalskráningu fornminja.

Ofangreind skipulagstillaga liggur frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Dalbraut 12, Laugarvatni á skrifstofutíma embættisins.

Að auki er hægt að nálgast tillögur á vefslóðinni

<http://www.utu.is>.

Þá eru gögnin aðgengileg á heimasíðu sveitarfélagsins:

<https://www.gogg.is/>.

Mál innan auglýsingar eru auglýst frá 23. febrúar 2022 til og með 7. apríl 2022.

Athugasemdum og ábendingum skal skila skriflega á skrifstofu UTU Dalbraut 12, Laugarvatni eða með tölvupósti á netfangið vigfus@utu.is.



Ungmennafélagið Hvöt



	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur
13:30-14:30				Körfubolti yngri - Floríjan
14:15-15:15			Fótbolti eldri - Valdimar	
14:30-15:30	Krakkablað - Gása			Körfubolti eldri - Floríjan
15:15-16:00			Fótbolti yngri - Valdimar	
15:30-16:30				
16:30-17:30				Blak - fullorðnir - GÁsa
19:30-21:00	Körfubolti - fullorðnir	Fótbolti - fullorðnir		Körfubolti - fullorðnir



HEILBRIGÐISSTOFNUN
SUÐURLANDS

Heilsugæslustöðin Laugarási er opin frá kl. 8.00 – 15.00 alla virka daga.

Tímamantanir og bókanir í síma 432 2770.

Blóðprufur eru teknar mánudaga – fimmtudaga.

Athugið Athugið að bóka þarf tíma í blóðprufur og beiðni frá lækni þarf að liggja fyrir.

Lyfjaendurnýjun er á heilsuvera.is

Vetraropnun


Vetraropnunartími gámastöðvarinnar
Seyðishólum frá 1. september til 30. apríl

Mánudaga	Þriðjudaga	Miðvikudaga	Fimmtudaga	Föstudaga	Laugardaga	Sunnudaga
Lokað	13-15	Lokað	13-15	Lokað	13-16	Lokað

Athugið að ofangreindur opnunartími breytist við stórhátíðir.

Lokað er á gámastöðinni eftirtalda daga: Nýársdag – Föstudaginn langa – Páskadag – Frídag verkamanna 1. maí – Hvítasunnudag – 17. Júní – Þorláksmessu – Aðfangadag jóla – Jóladað – Annan í jólum og Gamlársdag.

OPIÐ ER FYRIR LOSUN HEIMILISSORPS
ALLAN SÓLARHRINGINN




Saumakompan

TEK AÐ MÉR MARGSKONAR EINFALDAN SAUMASKAP

Elsa Jónsdóttir

Sími 864-4642

Bókasafn Grímsnes- og Grafningshrepps



Opnunartímar í mars:

Mánudaga 8:15 til 12:00 og 15:30 til 16:30
Þriðjudaga 10:00 til 12:00 og 15:30 til 16:30
Fimmtudaga 12:30 til 13:30 og 15:30 til 16:30

Kvöldopnun:

Miðvikudaginn 2. mars – **Hannyrðakvöld**
(1. miðvikudag í mánuði)
Fimmtudaginn 10. mars frá 19:30 til 21:30
Fimmtudaginn 31. mars frá 19:30 til 21:30

Gjaldskrá bókasafnsins árið 2022

Bókasafnskort 18-66 ára, árskort 1.500 kr.

Gjaldfrjálst er fyrir börn 0-17 ára, ellilífeyrisþega og öryrkja.

Millisafnalán, fyrir hvert safngagn	1.000 kr.
Ljósritun og prentun á A4 blaði	30 kr.
Ljósritun á A3 blaði og litprentun	50 kr.

Bókasafnskort hefur gildistíma til eins árs. Ef útlámsgagn glatast eða skemmist hjá lánþega ber honum að bæta safninu skaðann með nýju eintaki sem hann útvegar og greiðir fyrir sjálfur eða greiða skaðabætur er nema innkaupsverði viðkomandi gagns.



Íþróttamiðstöðin Borg Vetraropnun

Mánudaga - fimmtudaga kl. 14-21:30
Föstudaga **LOKAÐ**
Laugardaga – Sunnudaga kl. 10 -18

Hætt er að hleypa ofan í laugina
20 mínútum fyrir lokun.



Heimasíða: www.gogg.is
Netfang: sundlaug@gogg.is
Sími 480 - 5530

Ritstjóri Hvatarblaðsins er Linda Sverrisdóttir.
Ábyrgðarmaður: Þórleif Hoffmann Gunnarsdóttir
Efni í blaðið þarf að berast fyrir 28. hvers mánaðar á eftirfarandi netföng: linda@gogg.is eða gogg@gogg.is